

# ÁRSSKÝRSLA 2023





## ÁRSSKÝRSLA 2023

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu er staðsettur á Höfn í Hornafirði og hefur verið starfræktur frá árinu 1987.





Ársskýrsla þessi er unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN) og er í henni að finna yfirlit yfir hlutverk og markmið, jafnframt því helsta sem unnið hefur verið á árinu. Greint verður frá því hvernig unnið hefur verið að þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér, auk þess koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar sem varða starfið. Skólameistari er Lind Draumland Völundardóttir og aðstoðaskólameistari er Herdís Waage. Skýrslan er unnin af þeim en uppsetningu annast Tím Junge.



## Hlutverk og markmið

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að hlutverk skóla sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo þeir verði sem best undirbúnir til þess að taka virkan þátt í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu vinnur að því að efla frumkvæði, þrautseigju og víðsýni nemenda sinna. Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og því að taka ábyrgð á eigin verkum. Ásamt því að leitast við að þroska menningarlausí, gagnrýna hugsun nemenda og auka söguskilning og alla bóklega getu, þá er einnig lögð áhersla á að vera góður félagi, setja sig í spor annarra og að vera þátttakandi bæði í félagslífi og öðrum viðburðum á vegum skólans. Íþrótta- og listastarf er blómlegt og við lítum björtum augum á framtíðina.

Eitt aðalmarkmið sem og hlutverk skólans, er að þjóna nærumhverfi sínu, en skólinn er staðsettur á Höfn í Hornafirði. Hér í sveitinni verða einnig samfélagsbreytingar á pari við þær sem verða annars staðar í heiminum, þannig að samsetning nemendahópsins er sífellt að breytast og þarfir samfélagsins einnig. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn leggja sitt af mörkum til að fylgja breyttum tíðaranda og þörfum samfélagsins af bestu getu.

Á árinu 2023 hófst undirbúningur fyrir nýtt afreksíþrótta svið við skólann og hefur sá undirbúningur gengið vel. Fyrstu nemendurnir verða teknir inn á sviðið að hausti 2024. Það hefur einnig verið starfandi starfshópur við mótun á nýrri starfsbraut. Því starfi hefur miðað vel áfram og þar munu einnig verða teknir inn nýir nemendur á haustönn 2024. Markmiðið er að útskrifa síðan fyrsta nemendahóp brautarinnar vorið 2027.





## Stefna

Haustið 2023 var lögð fram ný stefnuáætlun til þriggja ára og nær stefnuskið yfir tímabilið 2023-2025. Í þeirri stefnumótun leggur Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu fram þrjú markmið um kjarnastarfsemi skólans sem unnið er að.

### Markmið um kjarnastarfsemi:

1. **Fjölgun nemenda.** Þetta er markmið sem skólinn er sífellt að vinna að með ýmsu móti. Haustið 2022 var staðan þannig að 50% nemenda úr 10. bekk Grunnskóla Hornafjarðar valdi að stunda nám í FAS. Því var farið í skipulagða vinnu strax um haustið með Grunnskóla Hornafjarðar til að finna lausnir, öll erum við sammála um að skóli í heimabyggð sé góð hugmynd. Afrakstur af því samtali var að FAS bauð grunnskólanemendum „heim“ í graut, fræðslu og spjall. Vinnan skilaði sér í því að haustið 2023 völdu 75% 10. bekkjar FAS sem sinn framhaldsskóla. Þessi vinna heldur áfram.
2. **Nýtt og viðurkennt leiðsögunám.** Heildstæðu námi í fjallamennsku á 3. og 4. hæfniprepi var skilað inn til Menntamálastofnunar í janúar 2023. Við erum enn að bíða eftir viðurkenningu á náminu.



3. **Skipulagsbreytingar á námsframboði.** Þessar breytingar reynast töluvert viðamiklar og taka einnig tíma. Það sem hefur verið gert nú þegar er að endurskoða þátttökuviðmið í áföngum og halda fast við þær reglur sem settar hafa verið um fjölda nemenda í áföngum. Stjórnendateymi skólans er að safna saman upplýsingum og kortleggja hvaða breytingar skila nemendum og skólanum mestum árangri. Þar að auki er vinna í fjarnámsteymi skólans við að móta viðmót þessa náms og hefur það, allavega haustið 2023, skilað góðum árangri.

### Markmið varðandi rekstrarþætti voru eftirfarandi:

1. **Aukin skilvirkni, þróun innri starfsemi, stjórnskipulag, upplýsingatækni og mannauðsmál.**
  - a) Skipulagi í stjórnun skólans var breytt. Haustið 2023 varð til hálfstaða aðstoðarskólameistara innan skólans, en 2022 var stofnað stjórnendateymi skólans sem þótti heppnast vel og hefur það skipulag því haldist. Haustið 2023 skipa stjórnendateymiskólans skólameistari, aðstoðarskólameistari og náms- og starfsráðgjafi.
  - b) Skólinn hefur fengið samþykktan málalykil og málaskrá hjá Þjóðskjalasafni Íslands og er hafin vinna við að vista skjöl inni í GoPro. Strax um haustið 2022 var ráðinn nýr aðili til að sjá um netmál skólans og hefur





það skilað sér í mun betri tengingum, sem ekki síst er mikilvægt fyrir nemendur, og allri netþjónustu.

c) Jafnframt því sem námsframboð skólans er í skoðun þá hefur einnig á árinu 2023 verið lögð mikil vinna í að gera vinnumat virkt í skólanum, sem mun skila sér í skilvirkni í námsframboði.

- 2. Bættur félagsandi og stuðningur við starfsmenn.** Það hafa verið gerðar reglulegar kannanir og þar þykir koma fram að betur megi ef duga skal, þannig að starfsandi í skólanum geti talist mjög góður. Sú vinna heldur áfram. Starfsmannafélagið hefur verið mjög virkt á þessu ári. Starfsmannasamtöl voru tekin á vorönn. Við höfum bætt við og kynnt vel, bæði nemendum og starfsfólki, hnapp á vefsíðu skólans þar sem hægt er að senda inn mál sem lúta að einelti og áreitni. Brugðist hefur verið við þegar kvartanir hafa verið lagðar fram.
- 3. Umgengnis- og umhverfismál.** Þetta er markmið í rekstri sem skólinn tekur alvarlega og vinnur ötullega að bæði í skipulagðri starfsemi skólans og með nemendum.



## Starfsemi

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu var stofnaður árið 1987 starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Við skólann er boðið upp á fjölbreytt bóklegt og verklegt nám. Skólinn er áfangaskóli þar sem námsefni er skipt niður í áfanga sem lýkur með lokamati áfangans. Brautskráning er að vori í lok hvers skólaárs.

## Námsframboð

Eftirtaldar brautir voru í boði við skólann 2023:

**Stúdentsbrautir:** Hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut. Stúdentsbrautir hafa sameiginlegan kjarna.

Á kjörnámsbraut til stúdentsprófs geta nemendur í samráði við skólann valið sér sérhæfingu og áherslur. Á kjörnámsbraut er einnig hægt að velja sérstaka námspakka sem skipulagðir eru sem námsvið kjörnámsbrautar. Sviðin eru; listasvið, íþróttasvið og vélstjórnarsvið. Verknám til starfsréttinda sem skólinn býður upp á er fjallamennskunám og vélstjórnarnám til A réttinda.

Við skólann var boðið upp tveggja ára nám í fjallamennsku árið 2023 þar sem kennt var eftir námskrá sem faghópur fjallamenskukennara ásamt skólameistara skiluðu inn til Menntamálastofnunar til umsagnar í janúar 2023. Í þeirri námskrá sem nú liggur til



samþykktar hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu er gert ráð fyrir útskrift á 3. og 4. hæfniprepi og starfsréttindum sem leiðsögumaður á jökli og leiðsögumaður á fjöllum ásamt landvarðarréttindum. Kennt var í fyrsta skipti eftir nýrri námskrá á árinu 2023. Töluverður undirbúningur hefur verið á þessu ári, í samvinnu við Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarð, um val áfanga í fjallamenskunáminu í landvörslu. Eins og áður segir þá tókst ekki að fá kennara til að kenna vélstjórnargreinar haustið 2023 því var farin sú leið að gera samkomulag við Tækniskólann um námið. Það varð fljótlega ljóst að sú leið er kostnaðarsöm bæði fyrir skólann og fyrir nemendur. Þetta skólaár munum við þá halda úti starfseminni á þennan hátt ásamt því að leita allra leiða til þess að byggja upp námið með kennurum úr grenndarsamfélaginu.

Nemendapjónusta skólans er regnhlífaheiti fyrir hvers konar þjónustu við nemendur og innan hennar er starfrækt stuðningsteymi sem heldur utan um þá nemendur sem eru á framhaldsskólabraut og starfsbraut. Helsta sóknarfæri skólans felst í því að nýta tækifærið sem býr í breyttum þörfum samfélagsins. Að bjóða upp á sveigjanlegt nám óháð búsetu og atvinnu. Með styrkingu fjarnáms styrkjum við kjarnastarfsemi skólans og rekstur og á haustönn 2023 jókst fjöldi þeirra sem stunduðu fjarnám við skólann.





## Mannauður

Á haustönn 2023 komu nemendur og kennarar sér saman um ný einkunnaröð skólans. Hér ber að líta orðaský með þeim orðum sem til greina komu.

Orðin sem urðu fyrir valinu og þóttu lýsa skólanum okkar best voru:

FJÖLBREYTNÍ-ÁRÆÐNI-SKÖPUN





## Nemendur

Stærsti hluti mannauðs skólans er nemendahópurinn. Mikilvægt er að námsframboðið komi til móts við þann fjölbreytta hóp svo flestir geti stundað nám við sitt hæfi. Við skólann menntum við einstaklinga til þess að takast á við fjölbreytt áframhaldandi nám og störf.

### Fjöldi nemenda

Haust 2023 voru 153 nemendur í skólanum sem skiptust á eftirfarandi hátt:

HAUST 2023		
Fjallamennsku	43	28.0%
Kjörnámsbraut	47	30.7%
Nátt- og raunvísindabraut	3	5.8%
Hug- og félagsvísindabraut	23	15.0%
Vélvirkjun	6	4.0%
Ótilgreint nám	20	13.0%
Framhaldsskólabraut	9	5.9%
Starfsbraut	2	1.3%

Vor 2023 voru 149 nemendur í skólanum sem skiptust á eftirfarandi hátt:


VOR 2023		
Fjallamennsku	46	30.9%
Kjörnámsbraut	47	31.5%
Nátt- og raunvísindabraut	6	4.0%
Hug- og félagsvísindabraut	20	13.4%
Vélvirkjun	6	4.0%
Ótilgreint nám	16	10.7%
Framhaldsskólabraut	6	4.0%
Starfsbraut	2	1.3%

## Brotthvarf

Það eru miklar áskoranir í starfi framhaldsskóla í dag. Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu er unnið ötullega að því halda utan um nemendur með öflugri nemendajónustu og stuðla þannig að betra skólaumhverfi fyrir flest. Í skólanum er mjög öflugt og virkt umsjónarkerfi. Náms- og starfsráðgjafi er í 75% starfi. Mikil áhersla er á forvarnir í formi utanaðkomandi fræðslu sem nemendum stendur til boða jafnt og þétt yfir skólaárið.

Haustið 2023 fórum við af stað með áfanga sem kallaður er inngangur að framhaldsskóla. Sá áfangi er hugsaður fyrir alla nýnema. Tilgangurinn með þeim áfanga er að brúa strax bilið milli þess að vera nemandi í grunnskóla og koma til starfa í framhaldsskólanum. Með þessu móti, þ.e. að kenna það að vera nemi í framhaldsskóla, traustu stuðningskerfi, og sterku félagslífi teljum við að minnka megi brottfall, allavega hjá nýnemum. Flest þessara atriða eru einnig til góða fyrir þá nemendur sem lengra eru komnir í starfinu. Einnig var tekin upp „vinnustund“, en þá eru kennarar til taks í stofum og nemendur geta fengið aðstoð í þeim fögum sem þeir telja sig þurfa aðstoð í eða sinnt heimaverkefnum. Vinnustund er einnig hugsuð fyrir uppbrot og fræðslu án þess að verið sé að raska kennslu.





## Félagsstarf

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu er félagsstarf metið til eininga, eina, tvær eða þrjár á önn, fer eftir eðli starfsins. Nemendafélag skólans er NEMFAS og eru þar meðlimir þeir nemendur sem greiða félagsgjöld í byrjun annar. Félagið heldur utan um félagslíf skólans og samstarf við Samband íslenskra framhaldsskóla (SÍF). Markmið starfsins eru háleit, viðtæk og lýðræðisleg. Stærsta markmiðið er þó að virkja helst alla nemendur til þátttöku. Skapa grundvöll þar sem nemendur taka virkan þátt í mótun þess samfélags sem þeirra skóli er, koma sínum hugmyndum og verkefnum í framkvæmd, að auka ábyrgð í fjármálum, að virkja félagsfærni, gefa rými fyrir opnum og gangsæjum lýðræðislegum stjórnarháttum, ásamt því að þroska leiðtogaþæfni.



## Starfsfólk

Í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu vinnur öflugur hópur vel menntaðs fólks á öllum aldri. Það er mikilvægt að starfsfólk skólans sé sátt í sinni vinnu. Til þess að svo sé þarf að uppfylla kröfur um laun og starfsaðstöðu. Vinna þarf að góðum samskiptum og góðu upplýsingaflæði. Viðhorf starfsmanna eru reglulega könnuð til að mynda til: starfsánægju, sjálfstæðis til ákvarðanatöku, stuðnings frá stjórnendum og vinnuaðstöðu. Þessar niðurstöður eru mikilvægt tæki fyrir stjórnendur skólans til þeirra endurbóta sem ráðist er í.

Eitt aðalmarkmið skólans er, að óháð kyni njóti starfsfólk sömu launakjara fyrir sömu störf. Við erum lítill skóli og teljum að jafnlaunavottun sé of umfangsmikil og dýr fyrir okkur eins og er.

Við skólann starfa haustið 2023, 27 kennarar, þar af 11 í fjallamennsku. Stöðugildi í kennslu við skólann eru 24,2. Leiðbeinendur eru 15 af 27 þar af 11 í fjallamennsku.

Ef litið er á skólann í heild sinni með öllum starfsmönnum þá eru aðrir starfsmenn en kennarar 6 sem eru í 4,8 stöðugildum. Þannig að heildartala starfsmanna við skólann eru 33, í 29 stöðugildum.



## Innviðir

Framhaldsskólinn býr í húsnæði sem mennta- og barnamálaráðuneytið á. Framhaldsskólinn er í þjónustusamningi við Sveitarfélagið Hornafjörð um rekstur húsnæðisins. Það kom í ljós haustið 2022 að viðhald á eigninni hafði verið vanrækt með þeim afleiðingum að rakaskemmdir eru í húsinu. Loftræsting hússins var ólögleg og hafði ekki verið þrífín sem skildi í þó nokkurn tíma. Það hefur verið brugðist við þessu, inntak loftræstingar hækkað í fjóra metra eins og lög gera ráð fyrir og þríf voru framkvæmd á loftræstikerfi sumarið 2023. Þakgluggar og aðrir gluggar verða lagfærðir 2024-2025.



## Sjálfsmat

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Á þessu ári 2022-2023 er matið unnið af dr. Ingileif Kristjánsdóttir með sjálfsmatsteymi sem í sitja skólameistari og áfangastjóri. Tilgangur sjálfsmats er að stuðla að framgangi settra markmiða, endurskoðun á þeim og stuðla þannig að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Framkvæmdaráætlun sjálfsmats er fylgt í því mati.

Matsþættir	H_20	V_21	H_21	V_22	H_22	V_23	H_23	V_24	H_24	V_25
Kennitölur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Áfangamat nemenda	X	X				X	X	X	X	X
Mat á skólastarfi				X						X
Mat fyrrv. nemenda						X		X		X
Skólapúlsinn & starfsmannapúlsinn						X		X		X
Skólafundur	X	X	X	X	X		X		X	
Umhverfismál		X		X		X		X		X
Breytingar í skólastarfi	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Umbótamat	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Mat samfélags							X			

## Ytra mat

### Framkvæmdaráætlun ytra mats

Ytra mat var framkvæmt vorið 2022. Haustið 2022 kom nýr skólameistari til starfa. Hér er birt áætlun um þær umbætur sem bent var á í ytra mati vorið 2022.

19.09.2024	Staða	Ábyrgð	Upphaf	Áætluð lok	Hvernig metið	Víðirni um árangur
	<b>Umbótaáætlun vegna ytra mats 2022</b>					
1.1	Skýra og auka ábyrgð áfangastjóra/staðgengils skólameistara	Skóla- meistari	Agúst 23	Agúst 23	Uppfært skýringu	Fundargerð kennara- funda
1.2	Virkja skólaráð um stefnu skólans við foreldrar/forsjáðla	Skóla- meistari	Sep. 24	Des. 24	Í sjálfsmati	Skýrsla um sjálfsmat
1.3	Setja mælingar markmið og umbótaáætlun í sjálfsmatsskýrslu	Sjálfsmats- teymi	Sep. 23	Okt. 24	Í sjálfsmati	Skýrsla um sjálfsmat

1.4	Skipa stað-, fjár- og fjallanemendur í sjálfsmatshópin	Stjórnendur	Jan. 25	Okt. 25	Í sjálfsmati	Skýrsla um sjálfsmat
1.5	Beita við fulltrúa foreldra/forsjáðla í sjálfsmatshópin	Stjórnendur	Agúst 24	Agúst 25	Í sjálfsmati	Skýrsla um sjálfsmat
2.1	Fylgja kennurum í fjallamennsku með kennsuréttindi	Stjórnendur	Feb. 24	Agúst 24	Starfsmanna- viðtal	Er nú 65% aukning
2.2	Firna leiðir til að gera kennsuréttindanám aðlöðandi fyrir starandi kennara í fjallamennsku og veisjörni í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Háskóla Íslands	Stjórnendur	Agúst 22	Agúst 28	Starfsmanna- viðtal	Fölögum um í prosentum
2.3	Kynna kennslufraði FAS á heimasíðu skólans og í tímaritum um skólamat	Stjórnendur	Agúst 22	Agúst 27	Fréttir á heimasíðu skólans	Fjöldi birtra greina
2.4	Auka náms- og starfsráðgjaf fyrir nemendur	Stjórnendur	Agúst 22	Agúst 23	Uppgjörs- skýrslum	Er nú 75% staða

2.5	Halda áfram að finna leiðir til að minnka brottfall nemenda	Í vinnslu (aldrei lokð)	Stjórnendur	Agúst 22	Agúst 27	Núrnstóður kynnir á uppgjörs- fundum
2.6	Hvetja kennara áfram til þátttöku í starfsþróunarverkefnum t.d. Menntaríttu	Loktð	Stjórnendur	Agúst 22	Agúst 23	Fjöldi skröðra kennara í þróunarverk.
3.1	Stofnun virks foreldrafélags	Loktð	Stjórnendur	Agúst 22	Mai 23	Starfandi þátttaka í foreldrafélag
3.2	Stækka þyrfti aðstoðu nemendafélags	Loktð	Stjórnendur	Agúst 22	Agúst 23	Húsnæðið skólans takmarkað
3.3	Fylgjast þarf stöðugt með líðan nemenda	Í vinnslu (aldrei lokð)	Stjórnendur	Agúst 22	Mai 28	Núrnstóður kynnir á kennara- fundum
3.4	Auka forvarnir vegna áfengis og vinnuefna	Loktð (aldrei lokð)	Forvarnar- fulltrúi og náms- ráðgjafi	Agúst 23	Mai 24	Núrnstóður kannana
3.5	Auka samstarf við háskóla	Í vinnslu (aldrei lokð)	Unsjónar- kennarar og náms- ráðgjafi	Agúst 28	Agúst 28	Fram- kvæmda- áætlun s- teymis

4.1	Byggja við skólann húsnæði sem hentar námi í	Loktð	Stjórnendur	Agúst 22	Mai 24	Árangur enginn
4.2	Byggja við skólann húsnæði sem hentar kennslu í listgreinum	Loktð	Stjórnendur	Agúst 23	Mai 25	Árangur enginn
4.3	Beita aðstoðu nemenda utan sameiginlegra rýma	Í vinnslu	Stjórnendur	Agúst 25	Agúst 25	Að aðstoða teijlist hafa batnað





## Tæknimál

Á haustönn 2022 var einn aðili sem þjónustaði tæknimál Nýheima, en húsnæði skólans er um það bil 60% af því húsi. Um áramótin 2023 sleit FAS sambandi við þann þjónustuaðila og fór með því út úr því samstarfi sem tíðkast hafði í húsinu. Samstarfið hafði í gegnum tíðina valdið töluverðu flækjustigi og hefur það reynst góð ákvörðun fyrir skólann að breyta til. Kvörtunum vegna tæknimála hefur fækkað til muna. Við höfum í huga að bæta þann tæknibúnað sem skólinn á á næstu árum.

### Aðbúnaður

Umbótaáætlunin sem unnið er eftir gerir ráð fyrir endurnýjun innanhússmuna og hafa vinnuborð og stólar kennara verið endurnýjaðir á þessu ári. Húsgögn í kennslustofum og fundarherbergi hafa ekki verið endurnýjuð enn, en það er næst á dagskrá.

### Upplýsingagjöf

Inna er upplýsinga- og kennslukerfi skólans sem heldur utan um alla þætti náms hjá nemendum, m.a. einkunnir, ástundun, námsferil, stundatöflu, námsáætlanir áfanga o.fl. Einnig er nýttur námsvefurinn Moodle. Mikil áhersla er lögð á að bæði nemendur og kennarar nýti sér allt það sem kennslukerfi skólans hefur upp á að bjóða. Skólinn notar Orra (Oracle) og Akra til utanumhalds, sem eru innri vefir Fjársýslu ríkisins, til bókhalds og innheimtu.

## Áætlanir og stefnur

Á árinu 2023 hefur farið fram töluverð vinna í áætlum og stefnum skólans. Vinnan fór fram í starfshópum kennara og hefur gengið vel. Sú vinna hefur skilað skólanum EKKÓ áætlun bæði fyrir nemendur og starfsmenn, sem og aðgerðaáætlun í EKKÓ málum. Eins hefur jafnréttisáætlun verið samþykkt ásamt áætlun um heilbrigði og öryggi ásamt áhættumati. Móttökuáætlun nýrra starfsmanna hefur verið skrifuð og samþykkt, einnig hefur persónuverndarstefna litið dagsins ljós. Byrjað var á uppkasti skólanámskrár og vonast er til að þeirri vinnu verði lokið í október 2024.

## Heimasíðan

hefur verið unnin í WordPress og sér vefstjóri um viðhald og endurnýjun. Á heimasíðu er að finna allar helstu upplýsingar um skólann. Ljóst er að vinna þarf að nýrri vefsíðu og segir aðgerðaráætlun þar um að sú vinna verði sett í gang á vorönn 2024 og fullunnin ný vefsíða og komin í notkun um áramótin 2024-2025.

## Samfélagsmiðlar

Eru notaðir til þess að ná til sem flestra og þar eru viðburðir innan skólans og auglýstir bæði á Facebook og Instagram. Þetta er m.a. gert til þess að auka sýnileika og styrkja ímyndi skólans út í samfélagið auk þess að þjóna upplýsingaflæði í skólanum.

## Skjalavistun

Hefur ekki verið nýtt við skólann, en haustið 2022 var sett saman teymi til að gera aðgerðaráætlun í þessum málum. Niðurstaðan er sú að á vormánuðum 2023 höfum við fengið samþykktan málalykil og skjalavistunaráætlun hjá Þjóðskjalasafni Íslands og erum að taka í þjónustu okkar skjalavistunarkerfið GoPro.

## Fjármál

Á árinu var ársveltan 325,0 milljónir og afkoma -59, milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign -94,6 milljónir í árslok og eignir samtals 26,5 milljónir.

Á árinu voru helstu endurbætur að skipt var um þjónustuaðila varðandi alla netþjónustu. Leitað var til nokkurra aðila varðandi tilboð, en við tókum tilboði frá Tindum tæknilausnum sem var að öllu leyti hagstæðast fyrir skólann. Þeirra þjónusta hefur verið til góða fyrir stofnunina. Einnig var farið í að endurnýja skrifstofubúnað kennara.



## Samstarfsverkefni

Skólinn tekur þátt í mörgum samstarfsverkefnum í gegn um Erasmus+ og NordPlus Junior, einnig erum við í samstarfi við Svavarssafn, SASS og Barnamenningarsjóð, um gestakennara í listgreinum ásamt leiðsögn listamanna um Svavarssafn fyrir nemendur og starfsfólk. Samningur við FabLab og Vöruhúsið er enn í gildi.

Evrópuverkefnin hafa verið þrens konar:

- Nemendaskiptaverkefni; styrkir til nemenda og kennara til ferða og samstarfs við aðra skóla í Evrópu eða á Norðurlöndum.
- Menntunar- og rannsóknarverkefni þar sem til verður reynslu-, kennslu- og upplýsingaefni fyrir frumkvöðla svo eitthvað sé nefnt.
- Styrkjaverkefni á vegum Erasmus+ þar sem er veittur er styrkur til fimm ára í senn þar sem nemendum og kennurum gefst tækifæri á að nýta eftir því sem skólanum og nemendahópnum hentar.

### Nemendaskiptaverkefni

Geoheritage (geoheritage.fas.is) er styrkt af NordPlus Junior og er samstarf milli Norðurlanda, Rare Routes er styrkt af Erasmus+ og er samstarf milli Ítalíu, Íslands og Tyrklands. Hidden Hunger (<https://agd.lu/project-happey>) sem er samstarf milli Noregs og Lúxemborgar og fjallar um matarvenjur ungs fólks með skipulagðri uppskriftasöfnun, eldun og útgáfu.

### Menntunar og rannsóknarverkefni

Verkefnið í þessum flokki er á þessu ári ForestWell og er unnið í samstarfi við Slóveníu og Finnland. Hér er slóð verkefnisins: <https://forestwell.eu> Styrkjaverkefni á vegum Erasmus+ Sá styrkur hefur verið notaður mest í fjallamennsku, með þátttöku í verkefnum eins og <http://arcticguideeducation.com> og <https://polartouristsafety.com> Nemendur í fjallamennsku hafa einnig farið í starfsmenntaskiptinám í tengslum við franskan skóla þar sem aðaláherslan er á ævintýraferðamennsku.









Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu - Nýheimum - 780 Höfn - Sími 470 8070 - [www.fas.is](http://www.fas.is)